

Fundargerð 101. fundar.

101. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis að Garðatorgi 7 í Garðabæ. Kl. 15 þann 15. janúar 2014.

Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Vinnsluhola í Gvendarbrunnum

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði grein fyrir umsókn Orkuveitu Reykjavík frá 2. janúar 2013 vegna borunar nýrrar vinnsluholu á Gvendarbrunnasvæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kynnti áformuð skilyrði.

2. Afmörkun vatnsverndar

Lagður fram tölvupóstur frá Sveini Óla Pálmarssyni, Vatnaskilum, frá 9. janúar 2014 til eftirlitssvæðanna varðandi drög að greinargerð með samantektartöflu vegna afmörkunar vatnsverndar.

Framkvæmdastjórnin samþykkti að óska eftir við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að fá kynningu á greinargerðinni frá 9. janúar 2014.

3. Bláfjallaleið, Kópavogur – ferðapjónusta

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis gerði grein fyrir umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 1.09.2013, til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg. Fyrir liggur leyfi Umhverfisstofnunar dags. 18.10.2013. Fyrir liggur bréf Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12.11.2013 þar sem fyrirtækið tjáir sig um tímabundna aðstöðu og lagningu rafstrengs ofanjarðar frá Bláfjöllum að Þríhnjúkum í Bláfjallafólkvangi.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis ályktaði á fundi þann 25. nóvember 2013 að: „nauðsynlegt væri vegna staðsetningar starfseminnar á vatnsverndarsvæði að raflögn til rekstursins verði tryggð. Í trausti þess að það gangi eftir áformar nefndin með vísun til ákvæða reglugerða um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, hollustuháttareglugerðar og samþykktar um verndarsvæði vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, að veita starfsleyfi til 4 ára með þeim fyrirvara að leyfi Umhverfisstofnunar verði til staðar.”

Áform heilbrigðisnefndar hafa verið kynnt fyrir heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu og Kópavogsbæ til kanna afstöðu þeirra fyrir næsta reglulegan fund nefndarinnar.

Gögn málsins voru lögð fram og rædd.

4. Bláfjöll, Kópavogur - skíðasvæði

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis lagði fram umsókn Magnúsar Árnasonar f.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins., kt. 590182-1339 dags. 19.06.2013, til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skíðasvæðis í Bláfjöllum, Kópavogi.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Í Bláfjöllum eru 5 skíðaskálar og 1 vélaskemma með salernisaðstöðu auk „lyftuhúsa“ við hverja stólalyftu, stólageymsluhús auk skála gönguskíðafélags sem öll eru án salernisaðstöðu. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins fara með rekstur eins skál af þessum 5 ásamt vélaskemmum og lyftum og lyftuhúsum. Rekstaraðilar skíðaskála eru ábyrgir fyrir lagfæringum og viðhaldi á sínum skálum, rotþró og lagnakerfi fráveitu. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er ábyrgt fyrir fráveitu frá sínum rekstri og fráveitulög eftir rotþrær. Rekstri skíðasvæðisins fylgja tæki s.s. snjótroðarar, snjósleðar, o.þ.h. búnaður og tilheyrandi birgðaaðstaða fyrir eldsneyti.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2000-2012, er starfsemin á opnu svæði og vatnsverndarsvæði, fjarsvæði A. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða hyggst heilbrigðisnefnd auglýsa starfsleyfi til 4 ára.

Lagt fram til kynningar.

5. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar fyrir 2013

Drög að ársskýrslu fyrir starf framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2013 var lögð fram til umræðu.

Skýrslan var samþykkt.

6. Bruni á mannvirki í landi Elliðakots þann 9. janúar 2014

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerði grein fyrir hreinsunarstarfi í kjölfar þess að sumarhús brann í landi Elliðakots.

7. Önnur mál

a. Bruni gamals skíðaskála í Bláfjöllum 9. nóvember 2013.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis lagði fram minnisblað sem unnið var í kjölfar þess að gamall ónotaður skíðaskáli sem beið flutnings brann þann 9. nóvember s.l.

b. Tilkynning Orkuveitu Reykjavíkur um breytingu á rekstraraðila.

Lögð fram til kynningar tilkynning Orkuveitu Reykjavíkur þar sem fram kemur að fyrirtækið hafi stofnað nokkur fyrirtæki, dótturfélög, sem yfirtaki að hluta starfsemi fyrirtækisins.

Fundi var slitið kl. 16.50.